Bolungarvíkurgöng

Staðsetning (test texti)



Ósafl, sem er dótturfélag ÍAV og Marti Contractors frá Sviss byggði Bolungarvíkurgöng.
Félagið átti lægsta tilboðið í jarðgangagerðina en það hljóðaði uppá tæpa þrjá og hálfan milljarð króna sem er um 88 % af áætluðum kostnaði. Um er að ræða 8,7 metra breið, 5,1 km löng jarðgöng, byggingu um 310 metra langra steinsteyptra vegskála, gerð um 3,0 km langra vega og byggingu tveggja steinsteyptra brúa yfir Hnífsdalsá og Ósá.
Undirbúningur framkvæmda hófst í byrjun maí 2008 með aðstöðusköpun og mokstri inn að berginu en byrjað var að sprengja sjálf göngin síðsumars 2008. Veturinn 2008 var gangnagerðinni svo haldið áfram og sumarið 2009 var unnið við vegskála og vegagerð í tengslum við göngin. Fullnaðar frágangur gangnanna fór síðan fram veturinn '09- '10 og göngin voru afhent verkkaupa sumarið 2010.



Helstu magntölur:
Lengd ganga í bergi 5.156 m
Gangabreidd 8 m
Útgrafið þversnið 54 fm
Lengd vegskála í Hnífsdal 140 m
Lengd vegskála í Bolungarvík 130 m
Vegir í Hnífsdal 2.100 m
Vegir í Bolungarvík 1.600 m
Brú á Hnífsdalsá 8 m
Brú á Ósá í Bolungarvík 32 m

Verkkaupi
Vegagerð ríkisins

Verktaki
Osafl

Verkhönnun
Jarðfræðistofan
Mannvit
VST
Raftákn
Efla

Upphaf framkvæmda
2008

Lok framkvæmda
2010

Íslenskir aðalverktakar hf.
Höfðabakka 9
IS 110 Reykjavík

Tel. +354 530 4200
Fax. +354 530 4205
iav@iav.is

www.iav.is